

Fundur 24.6.2024 Gunnar Hjörvar.

Komið þið öll blessuð og sæl, gleður mig að komast á fundinn.

Heilsa ég ykkur enn einu sinni og vona ég að þið megið njóta góðs af sambandi þessu og mögnun fáíð frá mér og okkur sem eru hér í salnum.

Er ég sífellt að aukast af magnan og viti og finnst mér of langt síðan ég hef komið í sambandið og verður þetta eitt síðasta sambandið að sinni, en vil ég gjarnan segja deili á mér og já þið mættuð gjarnan finna þá orku sem hér er og mynduð finna mun á ykkur og vil ég gjarnan að þið haldið oftast slíka fundi og mættu ýmsir betur láta sannfærast um kenningar dr. Helga Pjeturss og taka aftur upp þessar gömlu bækur sem liggja allt of gleymdar hjá fólki eða það hefur ekki hugmynd um.

Af mér er allt gott að fréttu og hef ég bæði verið föður mínum til aðstoðar hér í stöðinni og sömuleiðis hef ég sinnt ýmsum störfum, bæði fyrir aðra gegn gjaldi og einnig fyrir sjálfan mig, sinnt mínum hugðarefnum og hef ég því haft nóg að gera.

Og finnst mér mikilvægt að heilsan er góð og ber ekki á þeim kvillum sem átti við að glíma á gömlu jörðinni og þarf að hressa ykkur við og vil ég gjarnan að þið fáíð öflugan starfsemi og hún var að vísu aldrei nógu öflug á meðan ég lifði.

En einstaka sinnum mátti sjá það mikinn áhuga að manni fannst eins og að það væri að komast í tísku að verða Nýalssinni.

En mikið vantaði alltaf upp á og það dvínaði jafn óðum og ekki hélst það.

*Ert þú Eiríkur ?*

Nei, ekki er ég Eiríkur, hef ég gefið út mína þriðju bók núna, gamall félagi ykkar Gunnar Hjörvar.

*Já já, er faðir þinn að vinna við stöðina ?*

Já, já, og sendir hann bestu kveðjur eins og móðir mín, já varst þú að, já nei hann var ekki hér, en já tala um Íslenska tungumálið og Guða tungumálið og áhugi manna er hér að vakna á þessu og hef ég einnig reynt að halda fyrirlestra og kynna mér erlendis fræðin og töluð er þar víða tungumál sem einnig bera svipmót Norrænunnar og hafa batnað frá því sem áður var.

Og hef ég æfinlega verið duglegur að sækja fundina, þar sem ég er og æfinlega fróðlegt að fylgjast með þeim.

Og já ætlaði að segja ykkur frá einum kafla í bókinni minni, en ég finn að það er erfitt að sinni, en hér eru margir sem ég hitti og tók ég í höndina á konuninni þinn Þorlákur og biður hún að heilsa og þakkar fyrir.

*Já takk fyrir það.*

Það er gott.

*Já takk.*

Erum við hér og heimsæki föður minn reglulega og er hér loksins kominn í samband sem ég vona að endist, he he.

*Já þannig að þú ert að svara spurningu minni sem ég bar upp í huganum ?*

Já,

*Til hamingju með það.*

Þakka þér fyrir, og er nú ekki komið barn á leiðinni, en við vonum að það fari að stytast í það.

Og Sveinn biður líka að heilsa og já fleiri miðlar eins og Eiríkur og Sigurður.

*En er Sigurbjörn að valda vandræðum þarna ?*

Já já þið hafið heyrt af því ?

*Já hún var nú að segja okkur frá því aðeins konan sem var á undan þér.*

Já það hefur eitthvað komið inn á ykkar stöð já það er misjafnt stilliaflsvæðið og það blandast stundum saman eitthvað, en þið hafið valið góðan dag, hér eru mörg heiðin áhrif, þakka ég fyrir mig, er hér góð orka þið skynjið hana vel, verð ég nú að kveðja og hygg að ljúki fundi brátt.

Verið þið sæl og þakka fyrir mig.

*Blessaður Gunnar og þakka þér fyrir að koma og gangi þér vel.*

Já takk fyrir sumuleiðis.